

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2015
Tilvísun: 201505032 /,

Efni: Frumvarp til laga um byggðaaætlun og sóknaráætlanir

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis frá 13. maí sl. þar sem Skipulagsstofnun er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um byggðaaætlun og sóknaráætlanir sem lagt hefur verið fram á Alþingi (þingskjal 1167 — 693. mál).

Skipulagsstofnun fagnar framkomnu frumvarpi og telur það til þess fallið að styrkja stefnumörkun hins opinbera á sviði byggðamála.

4. gr. frumvarpsins

Í 4. grein frumvarpsins er fjallað um sóknaráætlanir landshluta. Í 3. mál. 1. mgr. er tilgreint að þær skuli taka mið af meginmarkmiðum byggðaaætlunar, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Skipulagsstofnun leggur til að í framangreindri grein verði einnig vísað til landsskipulagsstefnu, þannig að 3. mál. 1. mgr. 4. greinar hljóði svo: „Í sóknaráætlunum landshluta skal mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaaætlunar, **landsskipulagsstefnu**, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.“

Þetta er lagt til þar sem landsskipulagsstefna telst ekki til „skipulagsáætlana“ samkvæmt skipulagslögum, eins og virðist vera gengið út frá í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins. Mikilvægt er að tryggja gott samspil á milli landsskipulagsstefnu og sóknaráætlana landshluta. Sem dæmi, er í fyrirbyggjandi tillögu að landsskipulagsstefnu gert ráð fyrir að tilteknum stefnumiðum sem þar eru sett fram um kjarna og vinnusóknarsvæði verði framfylgt á vettvangi sóknaráætlana landshluta. Þannig geta sóknaráætlanir gegnt mikilvægu hlutverki við framfylgd stefnu sem sett hefur verið fram í landsskipulagsstefnu um skipulagsmál og þróun byggðar.

6. gr. frumvarpsins

Í a-lið 6. greinar eru lagðar til breytingar á 2. gr. laga um Byggðastofnun, þar sem fjallað er um hlutverk stofnunarinnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að áfram standi þar, líkt og í gildandi lögum, að Byggðastofnun geti tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulagslögum.


Hér er um að ræða ákvæði sem kom til með setningu laga um Byggðastofnun nr. 106/1999. Var því þá ætlað að koma í stað ákvæða eldri laga um að Byggðastofnun gæti unnið svæðisbundnar byggðaaætlanir í samráði við sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og aðra aðila er málið varðaði.

Skipulagsstofnun bendir á að ákvæði skipulagslaga um gerð svæðisskipulags gefa ekki kost á því að Byggðastofnun geti verið aðili að svæðisskipulagsgerð. Skipulagsstofnun leggur því til þá breytingu á a-lið 6. gr. frumvarpsins að niður falli málsliðurinn „Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulagslögum.“

Skipulagsstofnun vekur jafnframt athygli á að vel getur átt við að samþætta vinnu annarsvegar sveitarfélaga að gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulagslögum og hinsvegar gerð sóknaráætlunar fyrir viðkomandi landshluta. Benda má á nýlegt áhugavert dæmi þar sem tekist hefur vel að leiða saman stjórnvöld, íbúa og atvinnulíf til að móta slíka samþætta stefnu í byggða- og skipulagsmálum, en það er vinna að þróun svokallaðs svæðisgarðs og gerð svæðisskipulags fyrir Snæfellsnes, sem nú er nýlokið, „Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026, Andi Snæfellsness – Auðlind til sóknar“.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir



Einar Jónsson